

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-60/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 19. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna verðmerkingar í verslun Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi gefið upp rangt verð á gasgrilli, eða öllu heldur að grind undir umræddu grilli hafi ekki verið innifalin í verði þess, án þess að það væri sérstaklega tilgreint á verðmerkingu. Telur álitsbeiðandi að um lögbrot sé að ræða.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um verðmerkingu á söluvöru. Um verðmerkingar söluvöru o.fl. gilda lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. 17. gr. laganna. Á grundvelli þeirra laga hefur og verið settar reglur nr. 725/2008 um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kærunefndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kærunefndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Kærunefndin telur rétt að benda álitsbeiðanda á að skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 fer Neytendastofa með eftirlit með því að ákvæðum laganna sé fylgt.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson